



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd

mánudaginn 11.02.19 kl. 16:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Eiríkur Kristjánsson í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson, byggingarfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár: Hann lagði til að tekin yrðu á dagskrá til kynningar drög að aðalskipulagsbreytingu vegna Vestfjarðarvegar undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

1. Byggingarleyfi fyrir vindmælingamastur Garpsdal:

Lögð fram umsókn EM-orku um stöðuleyfi til tveggja ára fyrir vindmælingamastur á Garpsdalsfjalli, ásamt teikningum.

Samþykkt samhljóða að verða við erindinu enda liggi fyrir samþykki Minjastofnunar og Samgöngustofu.

2. Flatey vernd í byggð:

Lögð fram tillaga að verndarsvæði í byggð í Flatey. Tillagan hefur verið auglýst og athugasemdarfrestur liðinn. Nokkra minniháttar athugasemdir bárust og hefur verið tekið tillit til þeirra.

Nefndin leggur svohljóðandi tillögu fram við sveitarstjórn:

„Með vísan í 5. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps að senda mennta- og menningarmálaráðherra tillögu um að Þorpið í Flatey á Breiðarfirði verði gert að verndarsvæði samkvæmt lögunum, að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er að framan. Tillögunni, sem er dagsett 12. febrúar 2019, fylgir greinargerð þar sem fjallað er um varðveislugildi byggðarinnar og settir fram verndarskilmálar fyrir svæðið.“

3. Flatey - friðlýsing:

Umhverfisstofnun óskar eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar.

Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að Karl Kristjánsson verði aðalmaður og Ingimar Ingimarsson til vara.

4. Samstarf um skipulags- og byggingarfulltrúa:

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Árneshrepps, Dalabyggðar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um störf skipulags- og byggingarfulltrúa. Jafnframt lögð fram drög að starfslýsingu fyrir umrædd störf.

Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar enda verði gerðar lagfæringar á drögunum í samræmi við umræður á fundinum.

5. Fundur með nágrönnum og íbúðalánasjóði:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi með sveitarstjórum Dalabyggðar og Strandabyggðar, fulltrúum Kaldrananeshrepps ásamt fulltrúum Íbúðalánasjóðs. Gerði hann grein fyrir umræðum sveitarfélaganna um hugsanlega stofnun sjálfseignarfélags leiguíbúða og að þau stæðu saman að slíku félagi.

6. Húsnæðisáætlun 2019-2027:

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið. Reiknað er með að ljúka áætluninni fyrir 1. mars n.k.

7. Gjaldskrá hafnar:

Lögð fram breytingratillaga að gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn. Samþykkt að vísa tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

8. Önnur mál:

- a) **Aðalskipulagsbreyting vegna Vestfjarðarvegar:** Drög að breytingartillögu að aðalskipulagi vegna Vestfjarðarvegar lögð fram til kynningar.

Farið yfir fundargerðina, hún samþykkt og undirrituð.
Fundir slitið kl. 15.55

_____	_____
_____	_____
